

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Stjórnugrís hf. Brautarholt, Kjalarnes



Dags eftirlits	13.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Saltvík 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600667-0179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram þrjú ný frávik frá lögum, reglugerðum og kröfum í starfsleyfi er varað lyktarstjórnunaráætlun, grænt bókhald og ústreymsibókhald. Einnig voru settar fram tvær ábendingar um það sem betur má fara í starfsemi er varðar dreifingu áburðar og grænt bókhald.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Stjórnugrís að Brautarholti þann 13. nóvember 2024.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjölum
- Umfang starfseminnar
- Tryggingaskírteini, varnir gegn mengun hafs og stranda
- Lyktarstjórnun
- Dreifing áburðar
- Hreinsibúnaður
- Grænt bókhald
- Ústreymsibókhald
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð

#### 1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Í eftirlitinu var farið yfir útistandandi frávik og ábendingar. Rekstraraðili hefur ekki látið framkvæma útreikninga skv. BAT á losun ammóníaks í andrúmsloft, og fosfór og köfnunarefni sem úrgangsefni. Rætt var í eftirliti að þær tölur sem skilað var með ústreymsibókhaldinu eru ekki í samræmi við BAT og gildin langt umfram leyfileg mörk. Þeir útreikningar sem voru framkvæmdir út frá niðurstöðum mælinga á áburðinum frá búinu eru ekki settir fram í samræmi við BAT. Og ef niðurstöðurnar eru umreiknaðar til að samræmast BAT þá eru þær langt umfram leyfileg mörk fyrir ammóníak. Þessi mörk eru ófrávikjanleg og rekstraraðili þarf annaðhvort að endurskoða þessa útreikninga eða fækka fjölda svína í húsunum. Reikna þarf einnig heildarlosun fosfórs og köfnunarefnis í samræmi við BAT. Fráviki ekki lokið.

Í eldra eftirliti kom fram að meira en 5 ár eru liðin frá síðustu rannsókn á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs/mykju (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrhluta). Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa verið sendar stofnuninni. Fráviki lokið.

Rekstraraðila hefur áður verið bent á að uppfæra upplýsingar um aukaafurðir dýra í græna bókhaldinu. Það hefur ekki verið gert og fer úrgangurinn í dag í, Kólku, Orkugerðina og Álfsnes.

Rekstraraðila hefur einnig verið bent á að yfirfara upplýsingar sem fram koma í ústreymsibókhaldinu um magn af ryki sem kemur frá starfsemi. Þetta hefur verið gert og upplýsingum skilað til stofnunarinnar.

#### 2. Kynning á fylgiskjölum

Í eftirlitinu var farið yfir breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits og nýja gjaldskrá stofnunarinnar.

#### 3. Umfang starfseminnar

Umfangið er óbreytt frá síðasta eftirliti og eru 4000 stæði fyrir svín í notkun.

#### 4. Tryggingaskírteini, varnir gegn mengun hafs og stranda

Rekstraraðili er með tryggingu fyrir bráðamengun upp á 1 miljón SDR fyrir Brautarholt.

#### 5. Lyktarstjórnun

Rekstraraðili hefur ekki útbúið áætlun um lyktarstjórnun

#### 6. Dreifing áburðar

Samningar um dreifingu áburðar frá búinu eru útrunnir. Rætt var um í eftirlitinu að gerðir væru nýjir samningar.

#### 7. Hreinsibúnaður

Rætt var um möguleika á því að koma upp hreinsivirki sem komið yrði fyrir eftir pressunina á úrganginum. Rætt var um að rekstraraðili skoði mögulegan hreinsibúnað og sendi inn tillögu að búnaði og hreinsigetu til stofnunarinnar.

#### 8. Grænt bókhald

Upplýsingar um gildistíma starfsleyfisins vantar í græna bókhaldið og var því að auki skilað eftir 1. maí 2024 sem er of seint.

#### 9. Útstreymisbókhald

Skilað eftir 1. maí 2025 sem er of seint.

#### 10. Áhættumat

Ekki var rætt sérstaklega um áhættumatið til ákvörðunar á tíðni eftirlits annað en að rekstraraðili er að vinna í að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi og áhættumatið því að mestu óbreytt frá fyrra ári.

#### 11. Kvartanir

Stofnuninni hafa borist þrjár kvartanir vegna rekstrararins frá síðasta eftirliti. Þær hafa allar verið sendar til rekstraraðila til upplýsinga en að öðru leyti ekki aðhafst vegna þeirra.

#### 12. Vettvangsferð

Farið var í vettvangsferð og keyrt hringinn í kringum eldishúsin. Skoðuð var sérstaklega geymslan fyrir þurrefnið og skiljubúnaðurinn þar sem blauthlutinn er pressaður frá þurrhlutanum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 12 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis	Besta fánlega tækni til að koma í veg fyrir, eða draga úr losun lyktar er lyktarstjórnunaráætlun. Rekstraraðili hefur ekki gert slíka áætlun.
gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.	Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst eftir 1. maí 2024.
gr. 2 í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald.	Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 barst eftir 1. maí 2024.

1. Rekstraraðila er bent á að samningar sem gerðir hafa verið um dreifingu áburðar frá búinu eru runnir út og gera þarf nýja samninga.

2. Bent var á að upplýsingar um gildistíma starfsleyfisins vantar í græna bókhaldið

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2024



Kristín Kröyer